



Alþingi
Erindi nr. P 136/795
komudagur 3.2.2009

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 2. febrúar 2009.

Umsögn Alþjóðahússins ehf. um frumvarp til laga um framhaldsfræðslu, ^{216.} ~~261.~~ mál:

Alþjóðahúsið fagnar frumvarpi þessu, enda til þess fallið að bæta stöðu þeirra sem vilja hefja nám að nýju, taka virkan þátt í samfélaginu og efla starfshæfni sína. Þá tekur Alþjóðahús heils hugar undir þau sjónarmið að afla viðurkenningar á gildi náms sem fellur utan hins formlega framhaldsskóla- og háskólakerfis sem og stuðla að því að slíkt nám og reynsla sem aflað er utan hins formlega skólakerfis verði metin að verðleikum.

Í ljósi hins síðast talda vill Alþjóðahús koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum:

Lagt er til að tekið verði mið af stöðu innflytjenda sem fara í raunfærnimat, sækja framhaldsfræðslu eða náms- og starfsráðgjöf. Þá er fyrst og fremst átt við tungumálið, hér eru á ferð einstaklingar sem ekki hafa íslensku að móðurmáli en hafa jafnvel þegar aflað sér tiltekinnar menntunar frá heimalandi sínu en ekki fengið hana viðurkennda hér á landi vegna annars konar krafna og uppbyggingar menntakerfis. Leggur Alþjóðahús til að viðkomandi einstaklingum verði tryggð túlkabjónusta og/eða aukanámsaðstoð sem taki mið af kunnáttu þeirra í íslensku.

Virðingarfyllst,

Margrét Steinarsdóttir
lögfræðingur Alþjóðahúss